



Umboðsmaður barna
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Dagsetning 10. september 2025
Málsnúmer MNH25080106

Með vísan í bréf dags. 26. ágúst 2025 þar sem óskað er eftir upplýsingum um viðbrögð við niðurstöðum barnaþings þá hefur ráðuneyti menningar ekki tekið sérstaklega mið af niðurstöðum barnaþinga en stuðst við þá menningarstefnu sem hefur verið í gildi frá 2013 þar sem lögð er áhersla á að efla framboð á menningu fyrir börn og ungmenni og stuðla að þátttöku þeirra. Allar menningarstofnanir hins opinbera hafa tekið upp þessa stefnu og sett aukna áherslu á barna- og unglingastarf. Barnamenningarsjóður sem starfræktur hefur verið frá 2018 var festur í sessi með þingsályktun um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024–2028 sem samþykkt var í maí 2023.

Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar sem var lögð fram í þingsályktuninni er að efla stefnumótun á sviði barnamenningar og samþættingu hennar við starfsemi opinberra menningarstofnana og -sjóða sem leggi reglulega áherslu á barnamenningu við úthlutanir og hvetji þannig samfélag listafólks til nýsköpunar á þessum vettvangi. Áhersla er jafnframt lögð á aukið framboð lista, menningar- og listfræðslu fyrir börn og ungmenni og lagt til að starfsemi barnamenningarverkefnisins List fyrir alla og Barnamenningarsjóðs Ísland verði tryggð.

Í þingsályktuninni var lagt var til að List fyrir alla verði varanlegt verkefni sem hefur það meginhlutverk að miðla listkynningum og menningarverkefnum í skólum landsins, gjarnan í samstarfi við opinberar menningarstofnanir. Listheimsóknir verði þannig sjálfsagður hluti skólastarfs á meðan skólaskylda varir og reglulegir listviðburðir hluti af daglegu lífi barna og ungmennta. Frá árinu 2016 hefur List fyrir alla boðið grunnskólabörnum óháð búsetu upp á fjölbreytta og vandaða listviðburði. Höfuðáhersla er lögð á menningu fyrir börn og menningu með börnum.

Nú er verið að vinna að stefnumótun fyrir barnamenningu og fylgja eftir hugmyndum þeim sem koma fram í ofangreindri þingsályktun um miðstöð barnamenningar.

Fyrir hönd ráðherra,


Arna Kristín Einarssdóttir


Baldur Þórir Guðmundsson